

1. september 2005

## Verður Nýsköpunarsjóður einkavæddur?


*Nú þegar enn einn opinber lánasjóður, Lánasjóður landbúnaðarins, verður einkavæddur, vaknar spurning um hvort einkavæða megi Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins (NSA). Fjármögnun nýsköpunar er afar þýðingarmikil en eru einkarekin fjármálafyrirtæki ekki vel í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem Nýsköpunarsjóði er ætlað að sinna? Viðskiptaráð Íslands skoðar málið.*

Fyrirhuguð sala á Lánasjóði landbúnaðarins og umræða um hugsanlegar breytingar á Íbúðalánasjóði vekja upp spurningar hvort hugsanlegt sé að gagnger endurskoðun fari fram á fleiri opinberum sjóðum. NSA er ríkisstofnun sem stendur á tímamótum og fjármuni vantar til reksturs hennar. Á sama tíma og íslenskt fjármálakerfi hefur margfaldast að stærð hefur stofnunin veikt og afskriftir lána og hlutfjáreignar fara vaxandi.

### Markmið og árangur

Markmið NSA er að vera „áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.“ Viðskiptaráð áréttar mikilvægi þess að lagt sé fjármagn í nýsköpun en hins vegar efast ráðið um að núverandi leið henti best til árangurs. Færa má rök fyrir því að ríkisrekni sjóðir séu réttlætanagerir ef markaður er í viðjum ríkisafskipta. Hins vegar sýnir þróun síðustu ára að þegar frjálsræði hefur verið innleitt á fjármagnsmarkaði er ríkisrekstur einfaldlega ósamkeppnisfær við einkaframtakið.

**Mynd 1:** Þróun eigin fjár NSA, 1998-2004



Heimild: Ársskýrslur NSA

Það er gömul saga og ný að ríkisstofnanir með háleit markmið og pólitískar stjórnir hafi náð takmörkuðum árangri í starfsemi sinni. Skattgreiðendur muna eflaust eftir Framkvæmdasjóði Íslands en markmið hans var einmitt að „beina fjármagni til aðkallandi framkvæmda, sem æskilegar [voru] taldar fyrir þjóðarbúið“ og markmið Bygðasjóðs „að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum.“

Nýsköpunarsjóður var á sínum tíma eins konar systursjóður Fjárfestingabanka atvinnulífsins (FBA). Af eigin fé gömlu sjóðanna var ríflega helmingur settur í FBA en afgangur rann til Nýsköpunarsjóðs. Um þessar mundir hefur Nýsköpunarsjóður sannarlega mátt muna fífil sinn fegurri og eiginfjárstaða hans er *lægri* en fyrir fimm árum síðan. Á sama tíma er FBA nánast helmingur af Íslandsbanka sem í dag er tæplega 200 milljarða virði og getur lánað viðskiptavinum sínum til nánast allra verka.

Til allrar hamingju hefur frjálsræði á fjármagnsmarkaði farið vaxandi á síðastliðnum árum og tíminn leitt í ljós að það var hárrétt ákvörðun á sínum tíma að sameina og einkavæða Framkvæmdasjóð, Iðnlánasjóð, Fiskveiðisjóð og ríkisbankana. En betur má ef duga skal og nú er fyrir löngu kominn tími til að klára að hreinsa til á íslenskum fjármagnsmarkaði.

### Vandamálin


Þrátt fyrir að hæft starfsfólk hafi hresst upp á starfsemi NSA á undanförunum árum þá liggur vandinn fyrst og fremst í rekstrar- og eignarformi hans. Að auki eru ýmsir þættir sem vinna gegn stofnuninni:

- Óhagkvæmni lítilla ríkisstofnanna er mikil.
- Innan lítilla stofnanna er tæpast að finna sambærilega sérfræðiþekkingu og hjá stóru fjármálafyrirtækjunum þegar kemur að því að verða bakhjarlar fyrirtækja í nýsköpun.

### Hugmyndir að úrbótum

Rekstur ríkisstofnana á ekki að vera tilgangur í sjálfu sér heldur þarf að beina sjónum að þeim markmiðum sem þeim er ætlað að ná. Aðrir aðilar t.a.m. fjármálastofnanir eru í dag mun betur í stakk búnir að annast framkvæmd verkefna af þessu tagi. Hlutverk ríkisins er því fyrst og fremst að skapa hvata fyrir einkaaðila til að koma að nýsköpunarverkefnum í stað þess að það starfræki sérstakar stuðningsstofnanir.

**Mynd 2:** Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni NSA, 1998-2004



Heimild: Ársskýrslur NSA

Ekkert er því til fyrirstöðu að bjóða út rekstur og fjárfestingar Nýsköpunarsjóðs í núverandi mynd. Um leið er mikilvægt að koma því svo fyrir að það fjármagn sem ríkisvaldið ætlar til nýsköpunar í framtíðinni verði nýtt til samvinnuverkefna við fjármálastofnanir. Ef fallist er á það að ríkið eigi að taka þátt í nýsköpun þá er ákjósanlegast að allar fjármálastofnanir eigi jafnan möguleika á þátttöku í verkefnum með sjóðnum en honum yrði eftir sem áður stýrt af óháðri stjórn hans sem legði mat á verkefni hverju sinni.

Sem dæmi myndi t.d. 100 milljón króna verkefni, þurfa 20 milljónir í eigið fé frá utanaðkomandi fjárfestum en síðan legði fjármálastofnun fram hlutafé og lánsfé upp á 40 milljónir og sjóðurinn sömu fjárhæð á móti henni og hefði sömu tryggingar og bankinn. Kosturinn við einkavæðingu NSA er sá að settir eru hvatar fyrir einkareknar fjármálastofnanir að koma að fleiri nýsköpunarverkefnum en um leið felst mikill styrkur í



Því fyrir lítil verkefni af þessu tagi að hafa öflugar fjármálastofnanir með sér sem hafa á að skipa umtalsverðri þekkingu og reynslu. Reynslan sýnir að allt of mörg verkefni sem notið hafa opinberra styrkja vantar varanlegan rekstrargrundvöll. Stuðningur við slík verkefni getur oft á tíðum skapað fleiri vandamál heldur en ætlunin var að leysa.

#### **Drög að aðgerðaráætlun**

- Rekstur NSA verði boðinn út.
- Bjóða á út reksturinn á meðal innlendra og erlendra fjármálafyrirtækja út frá fyrirfram skilgreindum rekstrarforsendum.
- Sjóðurinn leggur fram fjármagn til þeirra verkefna sem þegar hafa aflað tilskylds magns eigin fjár og hafa vilyrði bankastofnunar fyrir hluta nauðsynlegs lánsfjár.
- Starfsemi sjóðsins verði undir eftirliti fjármálaeftirlitsins og sama arðsemiskrafa verði gerð til verkefna sjóðsins og gerð er á almennum markaði.

Kúnstin við fjármögnun nýsköpunar er að til staðar sé áhættufé og viðtæk þekking og þjónusta fjármálastofnana nýtt til hins ítrasta. Með því að einkavæða NSA og setja hvata í fjármálakerfið að fjármagna nýsköpun kann að vera að við getum slegið tvær flugur í einu höggi, einkavætt opinberan sjóð en eftt um leið nýsköpunarverkefni.

Nánari upplýsingar veita *Þór Sigfússon* framkvæmdastjóri og *Halldór Benjamín Þorbergsson* hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands í síma 510 7100.

